



## Aðalfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskóginum 1 Egilsstöðum, mánudaginn 8. maí kl. 15:00.

Mætt: Björn Ingimarsson formaður, Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri, Jóhann Hjalti Þorsteinsson (varaformaður Tinnu Jóhönnu Magnusson) Rannveig Þórhallsdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Þórdís Sveinsdóttir, (í fjarfundi).

### Dagskrá:

1. Skýrsla fyrir liðið starfsár.
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Kjör endurskoðenda.
4. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 15:00

### 1. Skýrsla fyrir liðið starfsár.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri kynnti ársskýrslu Minjasafns Austurlands fyrir árið 2022 sem hafði verið send fundarmönnum með fundarboði.

Fram fór umræða um skýrsluna og einstök atriði hennar: Björn spurðist fyrir um hópa frá skemmtiferðaskipum og tilkomu þeirra. Safnstjóri gerði grein fyrir því og að þess væri vänst að gestum frá skemmtiferðaskipum myndi fjölgum mjög mikil á yfirstandandi ári. Rannveig spurðist fyrir um hvort hægt væri að vera með veglega minjagripi til sölu á safninu. Safnstjóri sagði það ekki hafa komið til umræðu en ef af því yrði myndu það vera gripir sem tengdust safninu og safnkostinum beint. Vilhjálmur spurði um könnun á forsendum þess að koma upp sameiginlegu varðveisluhúsnæði safna á Austurlandi. Safnstjóri gerði grein fyrir að hugmyndin væri ekki ný af nálinni en verkefnið ekki mjög langt komið. Þó hefði verið rætt að söfnin greindu sína stöðu og þörf fyrir varðveislurými. Björn spurði um sumarhús Kjarvals í Kjarvalshvammi og bátaskýlið sem hýsið bát Kjarvals. Safnstjóri skýrði frá því að bátaskýlið þarfnaðist uppfærslu og viðhalds. Rætt um aðgengi að hvamminum eftir nýframkvæmdir Vegagerðarinnar. Rætt um landamerki hvammsins og þar með eignamörk. Rannveig stakk upp á að sækja um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem fékk góðar undirtektir fundarmanna. Jóhann Hjalti nefndi að umsóknir í sjóðinn hefðu yfirleitt verið vegna náttúrufyrirbæra og því ætti umsókn vegna menningar að eiga góða möguleika.

Eftir fyrirspurnir og umræður fundarmanna var ársskýrsla borin upp til staðfestingar.

*Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2023 samþykkir samhljóða ársskýrslu Minjasafns Austurlands fyrir árið 2022.*

Ársskýrslan verður í framhaldinu gerð aðgengileg á vef Minjasafnsins.

### 2. Afgreiðsla ársreiknings.

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur Minjasafns Austurlands fyrir árið 2022 sem fundarmenn fengu með fundarboði. Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri kynnti ársreikninginn og niðurstöður hans.

Helstu niðurstöður eru að rekstrartekjur námu 38,5 milljónum króna samanborið við 34 milljónir króna í fjárhagsáætlun ársins. Rekstrargjöld námu 50,4 milljónum króna samanborið við 45,9 milljónir króna í áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslið var neikvæð um 11,9 milljónir króna sem er í samræmi við áætlun. Skýrist tapið af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1. Fjármagnsliðir voru óverulegir og höfðu þar af leiðandi óveruleg áhrif á rekstrarniðurstaðu. Eignir námu 40,5 milljónum króna samanborið við 54,8 milljónir króna í árslok 2021. Eigið fé nam 32,8 milljónum króna samanborið við 44,7 milljónir króna árið á undan. Skuldir námu 7,7 milljónum króna samanborið við 10 milljónir króna í árslok 2021. Veltufé til rekstrar nam 11,9 milljónum króna samanborið við 13,2 milljónir króna árið á undan. Handbært fé lækkaði um 2 milljónir króna og nam í árslok 4,3 milljónum króna.

Eftir fyrirspurnir og umræður fundarmanna var ársreikningurinn borinn upp til staðfestingar.

*Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2023 samþykkir samhljóða ársreikning ársins 2022.*

### **3. Kjör endurskoðenda.**

Lögð fram tillaga um KPMG ehf. sem endurskoðunarfélag safnsins.

*Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2023 samþykkir fyrirliggjandi tillögu samhljóða..*

### **4. Önnur mál**

#### **Skýrsla safnstjóra**

Elsa Guðný fór yfir það sem hæst hefur borið í starfsemi safnsins frá síðasta fundi og það sem framundan er.

Ársfundur rannsóknarsetra Háskóla Íslands var haldinn á Egilsstöðum á dögunum og heimsóttu fundargestir meðal annars Minjasafnið.

Alþjóðlegi safnadagurinn er 18. maí næstkomandi og er þema hans að þessu sinni *söfn, sjálfbærni, vellíðan*. Í tilefni þess mun safnið standa fyrir fataviðgerðarsmiðju í samstarfi við Soroptimistaklúbb Austurlands þann 16. maí og setja upp sýningu með gripum sem bera vitni um nýtni fyrri kynslóða. Þá mun starfsfólk safnsins taka yfir Instagram reikning safnadagsins.

Starfsfólk safnanna í Safnahúsini fer í sameiginlega fræðsluferð til Húsavíkur föstudaginn 12. maí og heimsækir Safnahúsið á Húsavík og Hvalasafnið.

Búið er að ráða sameiginlegan sumarstarfsmann fyrir Minja- og Bókasafnið og hefur hann störf um miðjan júní. Hópar úr 34 skemmtiferðaskipum hafa boðað komu sína á safnið í sumar.

Safnið fagnar 80 ára afmæli í ár en það var stofnað á Hallormsstað í október 1943. Ætlunin er að fara af stað með seríu á samfélagsmiðlum safnsins þar sem annars vegar verða settir fram molar úr sögu safnsins og hins vegar fjallað um hvaða máli safnið skiptir fyrir samfélagið í dag. Þá er í bígerð sýning á gripum sem fundist hafa í Firði á Seyðisfirði og fyrirlestur um rannsóknina.

Eins og áður hefur verið rætt er komið að gerð nýrrar starfsstefnu fyrir safnið. Sú vinna hefur verið látin bíða eftir því að ný menningarstefna fyrir Múlaþing verði kynnt. Nú er sú vinna farin af stað og safnstjóri hefur verið í sambandi við starfsfólk sveitarfélagsins vegna þess.

## **Starfshópur um framtíðar rekstrarfyrirkomulag Minjasafns Austurlands.**

Búið er að skipa starfshópur um framtíðar rekstrarfyrirkomulag Minjasafns Austurlands. Í honum sitja Björn Ingimarsson og Vilhjálmur Jónsson fyrir Múlaþing og Helgi Gíslason og Lárus Heiðarsson fyrir Fljótsdalshrepp. Björn ítrekaði mikilvægi þess að starfshópur um rekstrarfyrirkomulag safnsins komi saman fljótlega til að hefja undirbúningsvinnu vegna þess.

## **Viðbygging við Safnahús**

Búið er að skipa byggingarnefnd fyrir viðbyggingu Safnahússins og er Stefán Bogi Sveinsson, forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga, fulltrúi safnanna í henni. Nefndin hefur hafið störf og undirbúnungur að hefjast. Safnstjóri ræddi um hugmyndir um hvernig ný rými verði nýtt og breytingar á nýtingu eldri rýma. Til dæmis þurfi að endurhugsa notkun á rými Minjasafnsins á neðstu hæð hússins með hlíðsjón af hvar lyfta verður staðsett. Rætt um mikilvægi þess að byggingarnefnd um menningarhús kom undirbúningi í ferli og framkvæmdinni sem fyrst af stað.

Að síðustu tók Rannveig til máls og lofaði störf safnstjóra og starfsemi safnsins og aðrir fundarmenn tóku undir það.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:05.

Fundargerð ritaði Vilhjálmur Jónsson